

## Stefna

# Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáhættu

### 1. Almenn

Þessi stefna Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáhættu skilgreinir hvernig sjálfbærniþættir eru teknir inn í fjárfestingatökufæri sjóða og þar með hvernig tekið er mið af sjálfbærniáhættu við fjárfestingar eftir því sem við verður komið.

Stefnu þessari skal fylgt við stýringu á verðbréfasjóðum og sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta. Í útboðslýsingum þeirra skal vera ítarleg umfjöllun um sjálfbærniáhættu og eins með hvaða hætti sjálfbærniþættir eru teknir inn í fjárfestingaákvæðanir, þ.m.t. hvaða þættir teljast hafa neikvæð áhrif á sjálfbærni.

Stefna þessi gildir einnig um aðra sérhæfða sjóði í rekstri Landsbréfa eftir því sem við getur átt.

### 2. Tilgangur

Tilgangur stefnunnar er að stuðla að skilvirkri og trúverðugri nálgun á álitafnum er snúa að sjálfbærni í þeim tilgangi að ná góðri arðsemi með ábyrgum fjárfestingum og stuðla að stöðugum umbótum á sviði UFS (umhverfisþættir, félagslegir þættir og góðir stjórnarhættir), bæði í starfsemi Landsbréfa og í þeim fyrirtækjum sem fjárfest er í á vegum Landsbréfa. Með stefnu þessari er markmiðið að auka áherslu á sjálfbærni í samfélaginu. Landsbréf telja æskilegt að sjálfbærar fjárfestingar séu hluti af fjárfestingamengi sjóða. Sjálfbær fjárfesting er skilgreind sem fjárfesting í atvinnustarfsemi sem stuðlar að umhverfislegu eða félagslegu markmiði eða fjárfesting í mannauði eða samfélögum sem standa fjárhagslega eða félagslega höllum fæti, að því tilskildu að slíkar fjárfestingar skaði engin þessara markmiða verulega og að þau félög sem fjárfest er í fylgi góðum stjórnarháttum.

Gengið er út frá því að fyrirtæki sem taka tillit til umhverfislegra og félagslegra þátta sem og góðra stjórnarháttanna í starfsemi sinni njóti fjárhagslegs ávinnings til lengri tíma litið og geri samfélagið á sama tíma betra. Með því að samþætta þessa grunnþætti ábyrga fjárfestinga inn í mat á fjárfestingarkostum sem lið í framkvæmd á fjárfestingastefnum sjóða er stuðlað að vandaðri ákvörðunartöku og þar með dregið úr fjárhagslegri áhættu fyrir Landsbréf og þá sem fela Landsbréfum stýringu fjármuna sinna. Liður í því er að halda í lágmarki fjárfestingum í starfsemi sem hefur neikvæð áhrif á sjálfbærni.

Með því að samþætta mat á þessum þáttum inn í fjárfestingarferlið telja Landsbréf að sjóðfélagar muni njóta betur fjárhagslegs ávinnings til lengri tíma á sama tíma og stuðlað er að því að samfélagið verði betra.

Lögð er áhersla á gagnkvæma upplýsingagjöf sem styður við greiningu, samanburð og mat á mismunandi fjárfestingarkostum.

### 3. Nánar um ábyrgar fjárfestingar

Ábyrgar fjárfestingar fela í sér:

- að leggja mat á umhverfisþætti, félagslega þætti og góða stjórnarhætti útgefenda fjármálagerninga (hér eftir „UFS“) þegar hugað er að fjárfestingum;
- að stuðla að stöðugum umbótum á sviði UFS bæði hjá Landsbréfum sjálfum og þeim fyrirtækjum sem fjárfest er í á vegum Landsbréfa, með það að markmiði að auka vægi UFS í samfélaginu og eins til að lágmarka möguleg neikvæð áhrif í starfsemi, og
- að veita reglulega upplýsingar um ábyrgar fjárfestingar á vegum Landsbréfa.

Sjálfbærniáhætta er skilgreind sem atburður eða ástand á sviði umhverfismála, félagslegra þátta eða stjórnarháttanna sem gæti, ef hann gerist, haft raunveruleg eða hugsanleg veruleg neikvæð áhrif á verðmæti fjárfestinga. Í þessu felst að gengið er út frá því að áhætta tengd UFS þáttum geti haft áhrif á virði fjárfestinga.

Sjálfbærniáhætta felur meðal annars í sér:

- **Umhverfisþætti:** Loftslagsbreytingar (bæði raunlæg áhætta og umbreytingaráhætta), hnignun vistkerfa, skerðing auðlinda, úrgangsmyndun og mengun.
- **Félagslega þætti:** Slæm vinnuskilyrði (til að mynda þrælalald og barnaprælkun), mismunun og lýðheilsa.
- **Stjórnarhætti:** Fyrirtækjamenning (til að mynda fjölbreytileiki), viðskiptasiðferði (til að mynda mútubægni og spilling), dýravelferð, stjórnarhættir og upplýsingagjöf.

**Loftslagstengdri áhættu** í tengslum við fjármál er gjarnan skipt í tvo meginflokkar samkvæmt TCFD (Task Force on Climate-Related Financial Disclosure):

- **Umbreytingaráhættu** (e. Transition risk) sem kemur til vegna aðgerða til þess að stemma stigu við loftslagsbreytingum. Slík áhætta vísar til fjárhagslegs taps fyrirtækis á fjármálamarkaði, með beinum eða óbeinum hætti, sem rekja má til verðlækkana, hækkandi orkukostnaðar eða innleiðinga á reglugerðum tengdum við sjálfbærni- og loftslagsmál.
- **Raunlæga áhættu** (e. Physical risk) sem stafar með beinum hætti af afleiðingum loftslagsbreytinga og leiðir til fjárhagslegs taps fyrir fyrirtæki á fjármálamarkaði vegna til dæmis flóða, aurskriða og annarra náttúrutengdra atburða.

### 4. Aðferðafræði við ábyrgar fjárfestingar og mat á sjálfbærniáhættu

Við mat á fjárfestingarkostum er horft til UFS þátta, og gengið út frá þeirri forsendu að það muni leiða til betri ákvörðunartöku og dragi úr fjárhagslegri áhættu. Lögð er áhersla á fyrirbyggjandi aðgerðir og gengið út frá því að samskipti við útgefendur fjármálagerninga um sjálfbærni séu fallin til að tryggja betur til langs tíma hag Landsbréfa og þeirra sem fjárfesta í sjóðum félagsins. Landsbréf eru reiðubúin til að vinna með öðrum fjárfestum og hagsmunaaðilum til að auka vitund og vægi ábygrra fjárfestinga og sjálfbærni á Íslandi

Starfshættir Landsbréfa varðandi ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáhættu byggja á eftirfarandi aðferðafræði:

- i. Samþættingu UFS þátta við greiningar og fjárfestingaákvörðanir, m.a. með UFS áreiðanleikakönnunum og mati þriðja aðila;
- ii. Virkum samskiptum í samræmi við eigendastefnu; og
- iii. Beitingu skimunar við mat og takmörkun á fjárfestingarkostum.

### **5. Samþætting UFS þátta í greiningar og fjárfestingarákvarðanir**

Við framkvæmd áreiðanleikakannana og með því að samþætta inn í greiningarvinnu þætti er lúta að UFS viðmiðum næst heildstæð mynd af starfsemi útgefanda þannig að hægt sé að greina betur þau tækifæri og þá áhættu sem felst í fjárfestingum.

Við fjárfestingarákvarðanir sjóða Landsbréfa skal þess gætt að áhætta tengd sjálfbærni sé felld inn í fjárfestingaákvörðunarferlið. Við mat á innlendum fjármálagerningum styðjast sjóðstjórar m.a. við mat Reitunar eða annarra sambærilegra aðila á UFS þáttum útgefenda með það að markmiði að hafa vægi fjárfestinga sem fengið hafa góða einkunn í úttektum Reitunar hlutfallslega meira en annarra.

Við erlendar fjárfestingar skal jafnan frekar fjárfest í sjóðum en stökum hlutabréfum eða skuldabréfum, enda hafi farið fram áreiðanleikakönnun á viðkomandi sjóði þar sem m.a. skal gengið úr skugga um að hann sé með vel skilgreinda aðferðafræði um fjárfestingaferli þar sem tekið er mið af sjálfbærniþáttum og sjálfbærniáhættu ásamt því að horft sé til annarra áhættuþátta. Þetta gildir þó ekki um vísitölusjóði með sama hætti þar sem ekki er til staðar virk eignastýring.

Það hvernig sjálfbærniáhætta er samþætt inn í fjárfestingarákvarðanir getur verið mismunandi eftir eignaflokkum og tegundum fjárfestinga og ekki hvað síst eftir því hversu gott aðgengi er að upplýsingum. Leitast skal eftir því að hafa sem bestar upplýsingar um sjálfbærniþætti tengda fjárfestingum áður en fjárfestingaákvörðun er tekin. Fylgst er með greiningum (þ.m.t. matsúttektum Reitunar) og sjálfbærnisráðgjafum félaga og er það viðvarandi verkefni að fylgjast með því hvernig einstakir útgefendur í eignasafni sjóða takast á við sjálfbærni.

Við mat á fjárfestingarkostum er framkvæmt UFS-áhættumat og geta Landsbréf nýtt sér greiningar þriðja aðila við áhættumat þegar kemur að greiningum á fjárfestingarkostum.

### **6. Virk samskipti í samræmi við eigendastefnu**

Með virkum samskiptum við útgefendur verðbréfa með áherslu á UFS þætti er hægt að stuðla að heilbrigðari rekstri, fjárfestum og samfélaginu til hagsbóta.

Þegar atvinnugreinar geta haft neikvæð umhverfis- eða samfélagsáhrif verður horft til þess með hvaða leiðum innan viðkomandi fyrirtækis er unnið að því að draga úr slíkum neikvæðum áhrifum.

Landsbréf hafa sett sér eigendastefnu þar sem meðal annars er fjallað um meðferð atkvæðisréttar sem fylgir fjármálagerningum þar sem sjónarmið um ábyrgar fjárfestingar eru höfð í forgrunni.

## 7. Beiting skimunar við mat og takmörkun á fjárfestingarkostum

Beitt skal takmörkunum í fjárfestingarferli sjóða ef skoðun sjálfbærniþátta leiðir í ljós að útgefandi hefur enga eða litla áherslu á sjálfbærniþætti, eða ef neikvæðir sjálfbærniþættir eru stórir í viðkomandi starfsemi án þess að unnið sé að framförum varðandi þá þætti með trúverðugum hætti. Almennt er gengið út frá því að við erlendar fjárfestingar sé frekar fjárfest í sjóðum en einstökum fjármálagerningum og skal almennt ekki fjárfest í sjóðum með virka stýringu sem leggja enga eða takmarkaða áherslu á sjálfbærni í sínu fjárfestingaferli.

Sjóðir Landsbréfa fjárfesta ekki í fyrirtækjum sem framleiða eða hafa tekjur af ómannúðlegum vopnum og í fyrirtækjum sem hafa umtalsverðar tekjur af umdeildri atvinnustarfsemi svo sem framleiðslu á tóbaki, vopnum, klámi eða kolum. Með umtalsverðum tekjum er hér átt við fyrirtæki sem rekja meira en 5% tekna sinna til umdeildrar atvinnustarfsemi. Ef sjóðir sem fjárfest hefur verið í eiga í fyrirtækjum sem eru á skimunarlista Landsbréfa eru þeir sjóðir skoðaðir sérstaklega. Ef eignarhaldið er yfir 5% af viðkomandi sjóði er útilokun beitt.

Ef fyrirtæki gerist ítrekað brotlegt gegn landslögum, alþjóðalögum eða samningum sem Ísland hefur fullgilt gæti komið til þess að Landsbréf útiloki viðkomandi útgefanda úr fjárfestingarmengi sjóða. Neikvæð skimun á að vera undantekningartilfelli sem beitt er þegar samræður við fyrirtæki og önnur úrræði hafa ekki borið tilætlaðan árangur.

Sjálfbærninefnd Landsbréfa tekur ákvarðanir um hvort og þá hvernig beita eigi takmörkunum í fjárfestingarferli sjóða í rekstri og útilokun útgefanda úr fjárfestingarmengi ef það á við. Nefndin hefur heimild til þess að taka ákvarðanir um útilokanir á fjárfestingarkostum að undangenginni greiningu á viðkomandi útgefanda. Greiningar byggja á innri mati Landsbréfa, gögnum greiningaraðila, gagnaveitum og öðrum upplýsingum sem fyrir liggja.

Ef útgefandi hefur gert viðeigandi ráðstafanir til þess að bregðast við kröfum um úrbætur getur nefndin tekið þá ákvörðun að fjarlægja hann af útilokunarlista.

## 8. Neikvæð áhrif fjárfestingaákvörðana á sjálfbærniþætti

Við fjárfestingaákvörðanir skal tekið tillit til helstu neikvæðu áhrifa af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti (e. *PAI* eða *Principal Adverse Impact on Sustainability Factors*) og er birt yfirlýsing þar að lútandi á vefsíðu Landsbréfa.

Sem liður í að greina neikvæð áhrif fjárfestingarákvörðana á sjálfbærniþætti (PAI), þá hafa Landsbréf mælt kolefnisspor af fjárfestingum sjóða í rekstri félagsins samkvæmt PCAF (Partnership for Carbon Accounting Financials) aðferðafræðinni og birt upplýsingar þess efnis á vefsíðu sinni.

Áhættustýring Landsbréfa fylgist með sjálfbærniáhættu í rekstri sjóða Landsbréfa og gerir grein fyrir henni og frávikum henni tengdum í skýrslugjöf sinni.

## 9. Samstarf og upplýsingagjöf

Landsbréf eru aðili að viðmiðum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (e. *UN PRI* eða *UN Principles for Responsible Investment*). Lögð er áhersla á að samstarfsaðilar Landsbréfa t.a.m. þeir sem koma að greiningu fyrirtækja fyrir hönd félagsins sem og sjóðstjórar taki tillit til viðmiða UN PRI í starfi sínu eftir því sem við getur átt.

Landsbréf eru aðili að IcelandSIF sem er íslenskur umræðuvettvangur fyrir ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar.

Landsbréf leitast eftir samstarfi við aðra fjárfesta, greiningaraðila og hagsmunaaðila um innleiðingu ábyrga fjárfestinga á Íslandi. Virk samskipti við fyrirtæki um UFS þætti byggja á gagnkvæmu trausti og lögð er áhersla á að viðhalda trausti þeirra fyrirtækja sem sjóðir í rekstri Landsbréfa hafa fjárfest í. Upplýsingum um framvindu sjálfbærni innan Landsbréfa verður komið á framfæri í gegnum árlega skýrslugjöf.

## 10. Sjálfbærnefnd Landsbréfa

Framkvæmdastjóri Landsbréfa er formaður sjálfbærnefndar og áhættustjóri er verkefnastjóri hennar. Auk þeirra eiga yfirlögfræðingur, sem er jafnframt ritari nefndarinnar, sæti í nefndinni. Framkvæmdastjóri getur tilnefnt aðra starfsmenn til starfa í nefndinni annað hvort sem fasta nefndarmenn eða til þátttöku í stökum fundum.

## 11. Gildistaka, fræðsla og fleira

Stefna þessi er sett af stjórn Landsbréfa og öðlast gildi þann 21. október 2024. Sjálfbærnefnd Landsbréfa ber ábyrgð á framfylgd hennar, svo sem að tryggja að unnið sé í samræmi við þau viðmið sem sett eru fram í stefnunni og að starfsfólk Landsbréfa fái fræðslu um sjálfbærni sem nýst geti við dagleg störf.

Við samningu stefnunnar var höfð hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2019/2088 (SFDR reglugerðin) sem innleidd var með lögum nr. 25/2023, um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Stefnan tekur einnig mið af reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI) og af innri reglum sem gilda í rekstri Landsbréfa.

Við gildistöku stefnu þessarar falla úr gildi Stefna Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar frá 15. desember 2021 og Stefna Landsbréfa um sjálfbærni í rekstri sjóða frá 16. júní 2023. Þessi stefna Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáhættu skal yfirfarin að lágmarki á þriggja ára fresti og oftár ef tilefni er til.

## Stefna Landsbréfa um takmarkanir í fjárfestingum

### 1. Almenn

Stefna Landsbréfa um takmarkanir í fjárfestingum sjóða er viðauki við stefnu Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáhættu og telst hluti hennar.

Með takmörkunum í fjárfestingum er átt við að sjóðir í rekstri Landsbréfa skuli almennt forðast eignarhald á fjármálagerningum sem gefin eru út af aðilum sem leggja enga eða takmarkaða áherslu á sjálfbærni.

### 2. Takmarkanir á fjárfestingarkostum

Í fjárfestingaferli sjóða Landsbréfa er lögð áhersla á sjálfbærniþætti. Það er stefna Landsbréfa að beita takmörkunum í fjárfestingaferli sjóða ef skoðun sjálfbærniþátta leiðir í ljós að útgefandi hefur enga eða litla áherslu á sjálfbærniþætti, eða ef neikvæðir sjálfbærniþættir eru stórir í viðkomandi starfsemi án þess að unnið sé að framförum varðandi þá þætti með trúverðugum hætti. Almenn er gengið út frá því að við erlendar fjárfestingar sé frekar fjárfest í sjóðum en einstökum fjármálagerningum og skal almennt ekki fjárfest í sjóðum með virka stýringu sem leggja enga eða takmarkaða áherslu á sjálfbærni í sínu fjárfestingaferli.

Sjóðir Landsbréfa fjárfesta ekki í fyrirtækjum sem framleiða eða hafa tekjur af ómannúðlegum vopnum og í fyrirtækjum sem hafa umtalsverðar tekjur af umdeildri 1atvinnustarfsemi svo sem framleiðslu á tóbaki, vopnum, klámi eða kolum. Með umtalsverðum tekjum er hér átt við fyrirtæki sem rekja meira en 5% tekna sinna til umdeildrar atvinnustarfsemi. Ef sjóðir sem fjárfest hefur verið í eiga í fyrirtækjum sem eru á skimunarlista Landsbréfa eru þeir sjóðir skoðaðir sérstaklega. Ef eignarhaldið er yfir 5% af viðkomandi sjóði er útlökun beitt.

Landsbréf geta beitt takmörkunum á fjárfestingarkostum innanlands ef útgefendur eru taldir brjóta gegn þeim viðmiðum sem Landsbréf líta almennt til sem sett eru meðal annars fram í fjárfestingarstefnum sjóða, innri reglum Landsbréfa, lögum, reglugerðum og viðurkenndum viðmiðum eins og viðurkenndum leiðbeiningum um góða stjórnarhætti. Ef Landsbréf telja að útgefandi fari gegn ofangreindum viðmiðum eða að ósamræmis gæti á milli stefnu fyrirtækis og viðmiða um góða stjórnarhætti er leitast eftir samræðum við útgefandann þar sem stuðlað er að úrbótum.

Ef fyrirtæki gerist ítrekað brotlegt gegn landslögum, alþjóðalögum eða samningum sem Ísland hefur fullgilt gæti komið til þess að Landsbréf útlöki viðkomandi útgefanda úr fjárfestingarmengi sjóða. Neikvæð skimun á að vera undantekningartilfalli sem beitt er þegar samræður við fyrirtæki og önnur úrræði hafa ekki borið tilætlaðan árangur.

### 3. Ákvarðanir og ábyrgð

Sjálfbærnefnd Landsbréfa tekur ákvarðanir um hvort og þá hvernig beita eigi takmörkunum í fjárfestingarferli sjóða í rekstri og útilokun útgefenda úr fjárfestingarmengi. Nefndin hefur heimild til þess að taka ákvarðanir um útilokanir á fjárfestingarkostum að undangenginni greiningu á viðkomandi útgefanda. Greiningar byggja á innri mati Landsbréfa, gögnum greiningaraðila, gagnaveitum og öðrum upplýsingum sem fyrir liggja.

Ef útgefandi hefur gert viðeigandi ráðstafanir til þess að bregðast við kröfum um úrbætur getur nefndin tekið þá ákvörðun að fjarlægja hann af útilokunarlista.